

Æskulýðsnefnd Sleipnis



Ársskýrsla 2016

Nefndin

Æskulýðsnefndin er nú skipuð eftirfarandi einstaklingum: Hrönn Bjarnadóttir, Elísabet S. Gísladóttir, Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, Tone Marit Torgeirsdóttir og Linda Rut Ragnarsdóttir

Vetrarstarfið

Kynningarfundur á fyrirhuguðu vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Sleipnis var haldinn þann 21. janúar 2016 í félagsheimili hestamanna, Hliðskjálfi á Selfossi. Ný æskulýðsnefnd var kynnt fyrir gestum kvöldsins, farið yfir starf vetrarins og óskað eftir hugmyndum frá krökkunum. Góð mæting var á fundinn sem lauk svo með pizzapartýi.

Nefndin lagði upp með það markmið að bjóða upp á **Almenn reiðnámskeið** með áherslu á leik og þrautir í bland við fræðslu fyrir yngri nemendurna og svo í samvinnu við reiðkennara var lengra komnum nemendum boðið upp á markvissa vinnu með sinn eigin hest/hesta í fámennari hópum. Einnig var boðið upp á **Knapamerkjanámskeið** en það féll niður vegna ónógrar þátttöku.

Boðið var upp á skráningu á 8 vikna námskeið frá 1. febrúar sem lauk fyrir páska og svo framhald í 4 vikur frá 3. maí. Kennt var í Reiðhöll Sleipnis á mánudögum frá kl. 18-21 og þriðjudögum frá kl. 17-22 og þegar voraði var hringvöllurinn einnig notaður. Fjöldi þátttakenda á þessum námskeiðum var 50 einstaklingar. Reiðkennarar voru Hugrún Jóhannsdóttir og Bjarni Sveinsson.

Á námskeiðunum var einnig boðið upp á kaffi og meðlæti fyrir börn og foreldra sem Æskulýðsnefndin fékk sem styrk frá Almari bakara og Guðnabakaríi á Selfossi. Meðlimir æskulýðsnefndar skiptust á að opna/læsa Reiðhöllinni og hella upp á kaffi og gera meðlætið klárt.

Þá var boðið upp á 4ra vikna **Keppnisnámskeið** eftir páska sem hófst 3. maí en var lítil þátttaka í því. Kennari var Arnar Bjarki Sigurðarson.

Hestafjör 2016 var haldið sunnudaginn 24. apríl. Æfingar fyrir þessa hátíð hófust 29. mars og var æft í Reiðhöll Sleipnis u.þ.b. einu sinni í viku. Kennarar/þjálfarar voru mæðgurnar Elsa Magnúsdóttir og Sigríður Pjetursdóttir. Á þessar æfingar skráðu sig 34 börn sem skipt var í 4 hópa en einnig komu fram hópar frá Fjölbautaskóla Suðurlands og pollar sem foreldrar teymdu undir.

Nokkrum nágretta hestamannafélögum var boðið að taka þátt í þessari hátíð en ekkert þeirra þáði boðið þannig að þátttakendur að þessu sinni voru eingöngu Sleipnisfélagar.

Þessi hátíðisdagur hófst á Pizzaveislu í félagsheimilinu Hliðskjálfi þar sem þátttakendur og aðstandendur hittust og fengu sér smá næringu og hressingu.



Dagskráin hófst á fánareid nokkurra ungmenna og ávarpi varaformanns Sleipnis, Odds Hafsteinssonar. Síðan hófust sýningaratriðin, hvert öðru skemmtilegra. Fyrsti hópurinn var Pollar sem teymt var undir og riðu þessir krakkar í búningum að eigin vali. Síðan komu hópur af svart/hvít klæddum krökkum, Mjallhvít og dvergarnir, kúrekar og Star Wars persónur. Því næst sýndi hópur nemenda á Hestabraut Fsu atriði sem þeir kölluðu Tölt og fimi og að lokum slógu þau upp smá keppni í Dekkjarallýi. Í hléi var gestum boðið að kaupa kaffi og meðlæti og rann innkoma sjoppunnar til æskulýðsnefndarinnar. Eftir hlé voru tvö skemmtiatriði: Strákarnir í Sælunni sungu hið fræga lag sitt Draumaland og Ingó veðurguð sló botninn í skemmtunina að þessu sinni með leik og söng.



Þegar dagskráin í Reiðhöllinni var tæmd var þátttakendum, foreldrum og þeim sem lögðu hönd á plóg boðið í pylsupartí í Hliðskjálf og bauð Sláturfélag Suðurlands upp á pylsurnar en æskulýðsnefndin sá um afganginn þ.e. drykki, pylsubrauð og tilheyrandi. Margir hjálpuðust að við að gera þennan dag sem skemmtilegastan: sýnendur, kennarar/þjálfarar, þulurinn Páll Bragi Hólmarsson, tæknimaðurinn Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi æskulýðsnefnd,

núverandi æskulýðsnefnd og margir fleiri. Skemmtilegur dagur og vel heppnaður í alla staði.

Hefð hefur verið fyrir því að æskulýðsnefndin sjái um að útvega fólk í fánareid **1. maí** kröfugöngu verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu og bjóði síðan börnum á hestbak að loknu kaffisamsæti. Að þessu sinni voru sex hestamenn/fánaberar sem riðu fyrir kröfugöngunni og var riðið/gengið eftir aðalgötunni, frá húsnæði verkalýðsfélaganna að Austurvegi 56-58 og til Hótel Selfoss þar sem verkalýðsfélagin buðu í kaffi. Æskulýðsnefndin bauð síðan gestum að koma í Reiðhöll Sleipnis þar sem teymt var undir börnum frá kl. 12:30 – 14:30. Þetta mæltist mjög vel fyrir hjá gestum, teymt var á fjórum hestum í einu og allir voru mjög ánægðir að vera inni í hlýjunni í Reiðhöllinni.

Óvissuferð æskulýðsnefndar var farin laugardaginn 7. maí. Lagt var af stað frá félagsheimilinu Hliðskjálf kl. 9:00 í 40 manna rútu. Farþegar voru 39 og borguðu fullorðnir kr. 1500 og börn kr. 1000 upp í rútukostnað. Fyrsta stopp var í Hellisheiðarvirkjun og fengum við leiðsögn um virkjunina og smá fyrirlestur um starfsemina þarna, mjög áhugavert. Að því loknu fengum við okkur örlítið nesti (samloku og/eða flatköku og drykk) sem



æskulýðsnefndin hafði útbúið. Því næst var stefnan sett á höfuðborgina, nánar tiltekið Árbæjarlaug, þar sem flestir skelltu sér í sund. Eftir sprell og gusugang var mannskapurinn orðinn svangur og fór hópurinn þá í Guðmundarlund í Kópavogi og fékk sér snarl (samloku/flatköku, drykk og nammi) og börnin skemmtu sér konunglega í skóginum enda veðrið frábært þennan dag. Þessu næst var okkur ekið í Hallgrímskirkju þar sem mannskapurinn kleif upp í Turninn og naut útsýnisins í botn. Þá arkaði hópurinn sem leið lá á Dunkin Donuts og fékk kleinuhring og kókómjólk og síðan að Hörpunni tónlistarhúsi þar sem rútan beið. Þá var stefnan tekin austur á ný og stoppað á leiðinni í Þrengslunum og Raufarhólshellir skoðaður. Áfram var haldið í austurátt og stoppað á Ingólfshvoli þar sem mannskapurinn fékk kvöldmat, hamborgara og franskar, áður en þeim var skilað heim til sín á Selfoss um kl. 20:00. Þetta var einstaklega vel heppnuð og skemmtileg ferð fyrir fullorðna og börn í yndislegu veðri.



Sameiginlegur fjölskyldureiðtúr Sleipnis, Háfeta og Léttis var haldinn í Þorlákshöfn þann 29. maí en frekar dræm þátttaka var frá Sleipnisfélögum sökum annarra tómsunda barnanna þessa helgi.

Einn viðburður er enn eftir á þessu starfsári en það er **Uppskeruhátíð** æskulýðsnefndar Sleipnis sem yfirleitt er haldin í október/nóvember. Þar eru veittar viðurkenningar fyrir þátttöku á námskeiðum, kennurum þökkuð þeirra vinna o.s.frv. Þessi hátíð endar svo á sameiginlegri veislu þar sem allir koma með eitthvað á veisluborðið en æskulýðsnefndin sér um drykki.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis;
Hrönn Bjarnadóttir